

# ✉ Re: Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal - beiði um umsögn

|           |  |
|-----------|--|
| Búið til  | 3.11.2020 14:11:50   |
| Höfundur  | Trausti Baldursson   |
| Sent      | 3.11.2020 14:11:49   |
| Tilheyrir | 📁 202010-0028 - Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal - beiði um umsögn |

## Efni

Re: Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal - beiði um umsögn

## Upplýsingar

| Upplýsingar  |                       | Vinnsla  |          |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent         | 3.11.2020 14:11:49    | Staða    | Imported |
| Eigandi      |                       | Tímamörk |          |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt |          |          |
| Lykilorð     |                       |          |          |

## Þátttakendur

|     |  |
|-----|--|
| Frá | Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is) |
| Til | jonsmari@skipulag.is                               |
| Cc  | skipulag@skipulag.is                               |

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0028 (OKV, RT, TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 15. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

## Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal

### Um framkvæmdina

Skógrækt er áformuð á jörðinni Fagranes en hún fór í eyði árið 1945.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er 74 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir að gróðursetja um 143.000 plöntur í um 62 ha lands. Skógræktarsvæðið er á vatnsverndarsvæði Hörgársveitar í flokki 3 sem er fjarsvæði. Skógræktarsvæðið skarast að litlu leyti saman við svæði nr. 501 á náttúruminjaskrá: *Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar* sem skráð er sem aðrar náttúruminjar.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er austan Þjóðveggar 1 í Öxnadal. Svæðið er um 1,5 km langt og 500-700 m breitt. Það liggur sunnan jarðarinnar Geirhildargarða, en þar er, samkvæmt greinargerð um framkvæmdina, núverandi skógræktarsvæði.

Áformað er að rækta fjölnytjaskóg. Megin markmið framkvæmdarinnar er samkvæmt lýsingu að: binda kolefni, jafna vatnsbúskap og auka frjósemi jarðvegs, skila af sér viðarnytjum og auka gildi svæðisins til útivistar. Skógarumhirða hefst þegar skógur er 20-60 ára og er helst í formi grisjana.

Í greinargerðinni kemur fram að áformað er að gróðursetja um 50.000 birkiplöntur, um 50.000 lerkiplöntur, um 27.000 furuplöntur, um 6.000 greniplöntur og um 10.000 plöntur af ösp á næstu 10 árum. Áburðargjöf, jarðvinnsla, slóðagerð og girðingarvinna verður hluti af framkvæmdinni. Í greinargerð er vakin athygli á því að einn valkostur Blöndulínu-3 liggur í gegnum svæðið að endilöngu en gert er ráð fyrir línunni í hlíðarfótum. Mun það hafa áhrif á plöntuval við útplöntun en hávöxnum tegundum verður ekki plantað undir línustæði.

Birki verður plantað í fjallsrætur og hlíðar. Ösp og greni verður plantað í frjósamasta landið og það undirbúið með TTS herfi. Gert er ráð fyrir að borið verið um 1 tonn af tilbúnum áburði á plöntur sem þurfa áburðar við. Ekki verður plantað í fornminjar og mýrlendi.

### Gróður á landinu sem fer undir skógrækt

Svæðið er almennt nokkuð vel gróið þótt þar séu brattar hlíðar, aurkeilur neðan gilja og framburður dragáa í dalbotni með grófgerðu efni (1. mynd). Gera má ráð fyrir að jarðvegur sé nokkuð grýttur í hlíðum, hlíðarfótum og aurkeilum. Gisin gróðurþekja er á bungum og rindum og ofantil í hlíðum innan fyrirhugaðs skógarsvæðis. Þá má einnig gera ráð fyrir að svæðið sé nokkuð snjóþungt.



1. mynd. Horft frá Þjóðvegi 1 til Fagranesfjalls, língresis- og vingulsvist er á aurkeilum í hlíðarfótum, grasengjavist og snarrótarvist nær Þjóðvegi. Hraungambrovist og melavistgerðir eru á bungum í fjallshlíðum en mólendisvistgerðir í giljum og lægðum. Ljós. Ní-Rannveig Thoroddsen.

Svæðið nær nokkuð hátt upp í hlíðar Fagranesfjalls og nærliggjandi fjalla. Þar eru vistgerðir á borð við hraungambrovist og melavistgerðir. Í gilskorum og lækjardrögum gætir meiri raka og snjóhula er fram eftir vori. Þar er gróðurþekja þéttari með ýmsum lyngtegundum, ljónslappa og maríustakk og öðrum tegundum sem sækja í raka og skjól.

Mólendisvistgerðir eru einkum neðar í hliðarfótum og á aurkeilum s.s. mosamóavist, fjalldrapamóavist, lyngmóavist og flagmóavist. Samkvæmt vistgerðakorti er víðikjarrvist með allnokkra útbreiðslu á svæðinu. Víðikjarrvist hefur mjög hátt verndargildi samkvæmt mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Á flatlendinu neðan aurkeila og á sjálfum aurkeilunum er land nokkuð grasgefið og flokkast sem língresis- og vingulsvist skv. vistgerðakorti. Þar er jafnframt nokkuð um mólendisvistgerðir í bland við graslendið. Almenn segir um língresis- og vingulsvist að hún sé vel gróin, gróskumikil og jarðvegur þykkur og frjósamur. Hún er metin með hátt verndargildi og er jafnframt á lista Bernarsamningsins. Hið sama gildir um grasengjavist sem er með nokkra þekju innan svæðisins.

Fremur lítið er um mýrlendi innan svæðisins en stöku mýrablettir eru neðan aurkeilanna nær þjóðvegi, t.d. við eyðibýlið Fagranes. Flokkast það einkum sem starungsmýravist en í minna mæli sem runnamýravist á hálendi. Báðar hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar lýsir vistgerðakortið gróðri á þessu svæði yfirleitt vel. Mögulega er þó útbreiðsla víðikjarrvistar minni en kortið gefur til kynna.

Plöntutegundir, sem skráðar eru við Fagranes í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar, eru flestar algengar á landsvísu. Hins vegar vex hreistursteinbrjótur (*Saxifraga foliolosa*), ein sjaldgæfasta steinbrjótstegund landsins, í fjöllum í Öxnadal en vaxtarsvæði hans er ofan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis (Hörður Kristinsson 2007, Starri Heiðmarsson og Pawel Wasowics 2018).

## Ályktanir og athugasemdir um framkvæmdina

Að ofansögðu má lýsa framkvæmdasvæðinu almennt sem vel grónu landi. Nokkur fjölbreytni er í vistgerðum innan svæðisins þar sem ýmsar mólendisvistgerðir og moslendi er þar að finna í bland við graslendi og smáa mýrabletti. Nokkrar vistgerðir innan svæðisins hafa hátt (língresis- og vingulsvist, grasengjavist, grasmóavist, lyngmóavist á láglandi, runnamýravist á hálendi) til mjög hátt (starungsmýravist,) verndargildi hérlendis og njóta verndar samkvæmt Bernarsamningi (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Língresis- og vingulsvist er umfangsmesta vistgerðin á þessu svæði.

Í framkvæmdalýsingu er meginmarkmiðið að rækta fjölnytjaskóg. Auk þess er tekið fram að með því muni skógurinn binda kolefni, jafna vatnsbúskap og auka frjósemi jarðvegs. Náttúrufræðistofnun vill benda á að náttúruleg vistkerfi eru í sjálfu sér vel til þess fallin að binda kolefni, sérstaklega mýrlendi og frjósamt graslendi líkt og língresis- og vingulsvist. Graslendisvistkerfi eru með frjósömustu vistkerfum jarðarinnar með mikla lífræna virkni og mikla kolefnisbindingu. Það er því óvíst að skógrækt á svæðinu muni auka kolefnisbindingu, nema þá helst á rýru mólendi og moslendi þar sem áburðargjöf fylgir útplöntun. Vistkerfi barrskóga eru þvert á móti með rýran botngróður og nokkuð frábrugðna jarðvegseiginleika samanborið við jarðveg á grónu landi hér á landi. Jarðvegsrof er lítið á svæðinu, nema þá helst í grýttum fjallhlíðum, sem bendir til þess að gróið land, einkum graslendi og mólendi, sé af náttúrunnar hendi að binda kolefni í jarðvegi.

Rétt er að benda á að með nytjaskógrækt er verið að breyta landnýtingu yfir í að nytja við fremur en að beita landið eins og nú er gert. Sú framsetning að „skógurinn auki gildi svæðisins til útivistar allan ársins hring með þeirri fjölbreytni og skjóli sem [hann] gefur“ er ekki einhlítt því umhverfisleg gæði eru einnig fólgin í fjölbreytileika íslensku flórunnar. Einrækt trjátegunda, þar sem plantað er þéttum greniskógi eða furuskógi sem takmarkar ljósmagn sem berst á skógarbotninn, getur leitt til mun fábreyttara gróðurfars á viðkomandi svæði samanborið við það gróðurlendi sem er fyrir s.s. tegundaríkt mólendi eða graslendi.

Ýmsar trjátegundir sem notaðar eru í skógrækt hafa sýnt að þær geta dreift sér í íslenskri náttúru, s.s. ösp, lerki og ekki síst stafafura. Því er áhrifasvæðið væntanlega mun stærra en sjálft skógræktarsvæðið. Ráðgert er að gróðursetja furu þ.e. stafafuru í skógræktarsvæðið en ekki er ólíklegt að hún dreifi sér út fyrir svæðið með sjálfssáningu. Stafafura er mikið notuð í skógrækt hér á landi en tegundin hefur alla burði til að vera ágeng tegund sé miðað við aðstæður hérlendis og hegðun hennar í öðrum löndum (Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson 2009).

Ráðgert er að jarðvinna frjósamasta landið eða 4 ha, þar sem greni og ösp verða gróðursett, með TTS herfi. Í framkvæmdalýsinguinni segir að TTS herfi geri grunnar rásir sem loki sér á einu til tveimur árum. Það kemur ekki heim og saman við heimildir um notkun aðferðarinnar en þar er m.a. rætt um að aðferðin geri ljótar rákir í landslagið sem vara í nokkur ár – sjá [https://www.skogur.is/static/files/namsefni/03\\_Jardvinnslanamsk-2017-GS.pdf](https://www.skogur.is/static/files/namsefni/03_Jardvinnslanamsk-2017-GS.pdf) ([https://www.skogur.is/static/files/namsefni/03\\_Jardvinnslanamsk-2017-GS.pdf](https://www.skogur.is/static/files/namsefni/03_Jardvinnslanamsk-2017-GS.pdf)). Hugsanlegt er að rákirnar verði sýnilegar vegfarendum um einhvern tíma. Jarðraski fylgir líka tímabundin kolefnislosun.

(Athugasemd við 8. mynd í greinargerð. Myndin sýnir vistlendi en ekki vistgerðir líkt og kemur fram í myndatexta. Ördugt er að greina milli vistlenda á kortinu þar sem litir eru fremur áþekkir.)

## Niðurstaða

Almennt telur Náttúrufræðistofnun að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Hins vegar má benda á að ekki er gerð nægjanlega vel grein fyrir mótvægisáðgerðum og vöktun. Í framkvæmdalýsingu segir að engra mótvægisáðgerða sé þörf vegna skógræktar í Fagranesi. Í framkvæmdalýsingu kemur engu að síður fram að votlendi á skógræktarsvæðinu verði afmarkað með nánari kortlagningu og ekki verði gróðursett í það. Hvernig þetta verður gert þarf að vera sýnilegt og vill Náttúrufræðistofnun leggja áherslu á að þessu verði framfylgt í framkvæmdaleyfi og/eða í samningum um skógræktina. Að mati stofnunarinnar á þetta bæði að eiga við um votlendi og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi. Þannig að dregið verði úr neikvæðum áhrifum skógræktar á aðrar vistgerðir sem hafa hátt verndargildi innan framkvæmdasvæðis með því að minnka útplöntun í þær, s.s. í língresis- og vingulsvist.

Einnig má vera ljóst að framkvæmdaraðilum á ekki að vera heimilt að bera fyrir sig kolefnisjöfnun eða bindingu á kolefni umfram það sem landið bindur nú þegar ef ekki er hægt að sýna fram á það með vísindalegum aðferðum þ.m.t. vöktunaraðferðum sem sýna fram á losun og bindingu kolefnis eins og við á.

Jafnframt þarf að vakta útbreiðslu skógarins þ.m.t. vegna mögulegrar útbreiðslu ágengra tegunda og tryggja að skógurinn dreifi ekki úr sér í vistgerðir sem hafa hátt verndargildi. Þetta hlýtur að eiga vera á ábyrgð þess sem á skógræktarsvæðið, það felur m.a. í sér að fjarlægja plöntur fyrir utan skógræktarsvæðið sé ástæða til þess. Ekki er heldur víst að allir jarðaeigendur í Hörgársveit vilji fá sjálfsánar trjátegundir frá skógræktarsvæðum inn á sín lönd.

Eftirfarandi á jafnt við um skógrækt almennt í Hörgársveit sem og Fagranes. Undanfarna mánuði hafa nokkrar umsagnarbeiðnir um matsskyldu skógræktar í Hörgársveit borist Náttúrufræðistofnun. Stofnunin hefur tekið afstöðu til einstakra mála út frá náttúruminum á viðkomandi jörðum. Ekki hefur verið farið eftir mati stofnunarinnar þegar hún hefur lagt til að skógrækt í Hörgársveit fari í mat á umhverfisáhrifum. Ljóst er að fleiri umsagnarbeiðnir um skógrækt eru líklegar til að berast ef miðað er við aðalskipulag Hörgársveitar. Þar telst allt land undir 400 m h.y.s. sem landbúnaðarland og má því gera ráð fyrir að fleiri óski eftir að hluti þeirra jarða verði notaðar undir skógrækt. Til dæmis er ekki að sjá að umrætt Fagranes sé innan samþykks skógræktarsvæðis, SL, á aðalskipulagi sveitarfélagsins [https://www.horgarsveit.is/static/files/skipulagsmal/Adalskipulag/skra\\_0073667.pdf](https://www.horgarsveit.is/static/files/skipulagsmal/Adalskipulag/skra_0073667.pdf) ([https://www.horgarsveit.is/static/files/skipulagsmal/Adalskipulag/skra\\_0073667.pdf](https://www.horgarsveit.is/static/files/skipulagsmal/Adalskipulag/skra_0073667.pdf)). Engu að síður telur framkvæmdaraðili að skógrækt í Fagranesi sé ekki í andstöðu við skipulagið. Ekki liggur fyrir Landsáætlun um skógræktarsvæði þó í raun hafi verið gert ráð fyrir slíkum áætlunum frá því fyrir síðustu aldamót, löngu fyrir ný lög um skógrækt. Ekki liggur fyrir flokkun á landbúnaðarlandi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þá þarf að skoða alvarlega hvort sá tími sé ekki komin að ekki sé lengur hægt að sætta sig við að taka fyrir, t.d. matsskyldu skógræktar í heilum byggðarlögum / landshlutum, í bótum. Það er kominn tími til, og þó fyrr hefði verið, að meta samlegðaráhrif skógræktar og verndargildi náttúruminja heildstætt fyrir allt land/landbúnaðarland í Hörgársveit. Ef áhrif eru aðeins metin fyrir hverja jörð fyrir sig á sama máta og gert hefur verið er hætt við að „lítil“ atriði sem kannski spila stóran þátt í heildarmynd náttúruvafars á svæðinu fái ekki nægilega áherslu. Áfram verður þó þörf á að meta áhrif skógræktar fyrir hverja jörð fyrir sig en með bakgrunn í heildstæðu mati fyrir Hörgárdal/Hörgársveit. Aðeins þannig er hægt að tryggja sjálfbæra skógrækt, samanborið við ágenga skógrækt, í sátt við önnur sjónarmið þ.m.t. náttúruvernd.

### Heimildir:

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson 2009. Ágengar plöntur í Stykkishólmi. Fjölrit Náttúrustofu Vesturlands nr. 15.

Hörður Kristinsson 2007, Starri Heiðmarsson og Pawel Wasowics 2018. Hreistursteinbrjótur (*Saxifraga foliolosa*). <https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/saxifragaceae/hreistursteinbrjotur-saxifraga-foliolosa> (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/saxifragaceae/hreistursteinbrjotur-saxifraga-foliolosa>) [sótt 29.10.2020]

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



---

**From:** "Jón Smári Jónsson" <[jonsmari@skipulag.is](mailto:jonsmari@skipulag.is)>

**To:** "postur@minjastofnun.is" <[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)>; "Kristinn Magnússon" <[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "Trausti Baldursson - NI" <[Trausti.Baldursson@ni.is](mailto:Trausti.Baldursson@ni.is)>; "skogur@skogur.is" <[skogur@skogur.is](mailto:skogur@skogur.is)>; "Hrefna Jóhannesdóttir" <[hrefna@skogur.is](mailto:hrefna@skogur.is)>; "Umhverfisstofnun" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <[sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is](mailto:sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is)>; "landsnet@landsnet.is" <[landsnet@landsnet.is](mailto:landsnet@landsnet.is)>; "Hörgársveit" <[horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is)>; "Snorri Finnlaugsson" <[snorri@horgarsveit.is](mailto:snorri@horgarsveit.is)>; "hne@hne.is" <[hne@hne.is](mailto:hne@hne.is)>; "Alfred Schiöth" <[alfred@hne.is](mailto:alfred@hne.is)>

**CC:**

**Subject:** Skógrækt í landi Fagraness í Öxnadal - beiði um umsögn

**Date:** 15.10.2020 14:35:44

Heil og sæl,

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Meðfylgjandi er greinargerð tilkynningar um matsskyldu varðandi fyrirhugaða skógrækt í landi Fagraness, Öxnadal Hörgársveit.

Tilkynningin verður póstlögð ásamt umsagnarbeiðnum. Umsagnarfrestur er til 2. nóvember 2020. Óskað er að umsögn verði einnig send á tölvupóstföngin jonsmari@skipulag.is og skipulag@skipulag.is

Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

jonsmari@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

## Viðhengi

image002.jpg (29 KB)

image001.gif (2 KB)